

Hverfisráð Hríseyjar

18. fundur

Ár 2008, fimmtudaginn 10. janúar kl. 17:00 var átjándi fundur Hverfisráðs í Hrísey haldinn í Hlein þetta er jafnframt fyrsti fundur ársins 2008

Á fundinn mættu Kristinn Árnason, Kristján Ingimar Ragnarsson, Linda María Ásgeirsdóttir, Hjördís Ýrr Skúladóttir og Aðalsteinn Bergdal.

Formaður setti fund og bauð alla velkomna

Dagskrá:

1. Búnaður fyrir fjölnotahús í Hrísey

Listi yfir búnað fyrir fjölnota íþróttahús sem er í byggingu var lagður fram. *“Hverfisráð fór yfir búnaðalistann og getur ekki séð að nokkuð sem þar er talið upp sé hægt að strika út eða kaupa síðar”*

Nefndin fór í skoðunarleiðangur um húsið. Og er það samdómaálit allra nefndarmanna að rými í búningaklefum sé of lítið þegar búíð verði að setja upp fyrirhugaða skápa og bekki, og er það ósk nefndarinnar að þetta verið tekið til endurskoðunar og leitað leiða til að hagræða innréttingum betur.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:00

Kristinn Fr. Árnason
Linda María Ásgeirsdóttir
Kristján Ingimar Ragnarsson
Hjördís Ýrr Skúladóttir
Aðalsteinn Bergdal

Fundargerð rituð og skráð í tölvu af Guðrúnu Kristjánsdóttur

bls. 2

Fundargerð Hverfisráðs Hríseyjar

dags. 11/12/2007